

Samherji hf.
Óskar Ævarsson
Glerárgötu 30
600 Akureyri

2003110077
2300; 9310

Reykjavík, 21. janúar 2004
/--

Efni: Afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Samherja hf., Fiskimjöls og Lýsis, Grindavík. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað að er til erindis Samherja hf., Fiskimjöls og Lýsis dags. 7. desember 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Samherja hf., Fiskimjöls og Lýsis í Grindavík samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits bæjarráðs Grindavíkurbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá bæjarráði Grindavíkurbæjar með bréfi dags. 8. janúar 2004, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 2. janúar 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. janúar 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 5., 14. og 16. janúar 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram um að sé að ræða aukningu á afkastagetu fiskimjölsverksmiðju úr 1000 í 1500 tonn af hráefni á sólahring. Í því skyni verði innanhúss tekinn út núverandi þurrkari og nýr þurrkari settur upp auk eins-þreps glatvarma-eimingartækis, forsjóðara, eimsvala, glatvarma-forsjóðara og nýs þvottaturns. Utanhúss verði settur upp nýr þvottaturn og hringblásari fyrir þurrkarastanda og fjarlægðir verði tveir þvottaturnar auk leifa af skorsteini. Gert sé ráð fyrir að um 125 m³ stækkun verði á húsi nýja þurrkarans og hækka þurfi þak yfir þurrkara lítillaga. Fram kemur að ekki verði breytingar á birgðageymum hráefnis, lýsis eða olfugeymum og að aukning á sjóþvottun verði um 140m³ /klst. Aukning olfunotkunar fari úr 1400 í 1525 kg/klst og heildarmagn mengaðs

lofts sem fari til brennslu verði 21.800 m³/klst. Afkastageta nýja þurrkarans sé 14.500 m³/klst og þurfi gufuketillinn að brenna um 7.300 m³/klst. Fram kemur að hringrásarkerfi nýs loftþurrkara sé þéttara en á þeim fyrri, og muni það draga úr hættu á að mengað loft berist út í verksmiðjusal. Ávinningur af fyrirhugaðri stækkun sé tvíþættur, annarsvegar verði hráefnisgæði meiri og hinsvegar meiri brennsla á útblástursegfi og þar af leiðandi minni lyktarmengun.

Skipulag

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að stækkun verksmiðjunnar sé í samræmi við gildandi aðalskipulag fyrir Grindavíkurbæ.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt.

Í umsögnum bæjarráðs Grindavíkur og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að hæpið sé talið að heimila stækkun á verksmiðjunni og vegna eðli, staðsetningar og umfangs áhrifa framkvæmdarinnar sé í öllu falli óhjákvæmilegt að ráðast í mat á umhverfisáhrifum hennar.

Loftgæði, hljóðvist og frárennsli

Í umsögn bæjarráðs Grindavíkur kemur fram að talið sé að stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar sé jákvæð gagnvart umhverfi verksmiðjunnar, þar sem að aukin afköst muni leiða til minni mengunaráhrifa því að um verði að ræða vinnslu á ferskara hráefni og meiri brennslu á útblástursegfum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að skv. gildandi starfsleyfi skuli lyktareyðing framkvæmd í þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblástur frá tækjum og þurrkurum, og síðan með brennslu í brunahólfum gufukatla eða tilsvarendi búnaði. Við afkastaaukningu verksmiðjunnar aukist loftmagn frá þurrkurum og þurfi brunahólf að anna viðbótinni. Þar sem að viðbótaloft auk mengaðs aflofts og lofti frá gufuþurrkurum (áður brennt í brunahólfi olíuketils) verði brennt í brunahólfi loftþurrkarans muni heildaráhrif verða aukinn útblástur úr skorsteini, en bætt lyktareyðing á menguðu aflofti vegna aukinna afkasta brunahólfa. Umhverfisstofnun bendir á að kvartanir hafi verið tíðar frá nærliggjandi íbúðarbyggð og atvinnufyrirtækjum varðandi lyktarmengun frá verksmiðjunni. Í flestum tilfellum hafi það verið vegna ófullnægjandi ferskleika hráefnis. Vísað er til rannsókna þar sem fram kemur að aukning á lyktarmengun sé í réttu hlutfalli við skemmd hráefnis upp að vissu marki. Fyrirtækið þurfi að bæta alla umgengni og meðferð hráefnis til þess að ráða bót á lyktarmengun. Núverandi mengunarvarnarbúnaður byggist á brennslu lyktarefna við háan hita og sé afkastaaukning búnaðarins vegna stækkunarinnar nægjanleg. Kostir stækkunar séu þeir að hægt sé að ljúka vinnslu aflans sem fyrst þannig að ekki sé verið að vinna skemmt hráefni sem valdi aukinni mengun. Umhverfisstofnun telur ljóst að umrædd stækkun muni ekki leiða til verulega aukinnar mengunar frá verksmiðjunni en setja verði skilyrði varðandi hráefnisgæði og mengunarvarnabúnað í starfsleyfi samfara stækkun verksmiðjunnar. Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir aukningu í heildarlosun í frárennsli og að ekki sé hætta á hávaðamengun í íbúðarbyggð þar sem verksmiðjan sé staðsett í öruggri fjarlægð frá núverandi

byggð.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að stofnuninni berist oft kvartanir vegna lyktar frá verksmiðjunni sem oft sé óbærileg. Verksmiðjan sé í þéttbýli og mikill fjöldi fólks verði fyrir áhrifum. Yfirgnæfandi líkur séu á aukinni mengun vegna fyrirhugaðrar stækkunar fiskimjölsverksmiðjunnar, sem angra muni íbúa svæðisins Ennfremur kemur fram að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja fari þess á leit við Umhverfisstofnun að starfsleyfi umræddrar fiskimjölsverksmiðju verði endurskoðað hið fyrsta.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé að vænta aukinnar lyktarmengunar frá verksmiðjunni eftir stækkun, þar sem að þéttara hringrásarkerfi verði á þurrklofti í þurrkara og aukin brennsla verði á útblástursegnum í brunahólfum Einnig verði afsog frá verksmiðju tekið inn í hringrásarkerfi þurrkara og brennt í eldhólfi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framkvæmd sem leiðir til afkastaaukningar í vinnslu fiskimjölsverksmiðju Samherja hf., Fiskimjöls og Lýsis í Grindavík um 500 tonn af hráefni á sólarhring eða úr 1000 í 1500 tonn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a. í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar í umsögnum um að bæta þurfi umgengni og meðferð hráefnis til að ráða bót á lyktarmengun frá verksmiðjunni. Stofnunin telur að með fyrirhuguðum framkvæmdum muni hráefni til bræðslu verða ferskara og framleiðslutími muni stytast og minni líkur eru á því að unnið verði rotið hráefni sem valdið getur aukinni lyktarmengun. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa í för með sér verulega aukningu mengunar, hvorki hvað varðar frárennsli, hávaða né útblástur. Samkvæmt framlögðum gögnum getur Umhverfisstofnun sett skilyrði varðandi hráefnisgæði og mengunarvarnarbúnað í starfsleyfi samfara stækkun verksmiðjunnar, m.a. krafist aukinnar hreinsunar verði lyktareyðing ekki fullnægjandi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Samherja hf., Fiskimjöls og Lýsis í Grindavík um 500 tonn hráefnis á sólarhring sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð byggingarleyfi skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.br. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Ekki er til deiliskipulag af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og þarf sveitarstjórn að grenndarkynna framkvæmdina áður en leyfi eru veitt skv. 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. febrúar 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit. Umhverfissráðuneytið, Grindavíkurbær, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Umhverfisstofnun